

## AUGLÝSING

### um birtingu á reglum um valdbeitingu handhafa lögregluvalds hjá Landhelgisgæslu Íslands og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá 6. júlí 2007.

Hér með tilkynnist að innanríkisráðherra hefur ákveðið að höfðu samráði við forstjóra Landhelgisgæslu Íslands að birta núgildandi reglur um valdbeitingu handhafa lögregluvalds hjá Landhelgisgæslu Íslands og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, sem settar voru af þáverandi dómsmálaráðherra hinn 6. júlí 2007 samkvæmt heimild í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 8. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands, sbr. fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Innanríkisráðuneytinu, 5. febrúar 2015.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

#### Fylgiskjal.

### REGLUR um valdbeitingu handhafa lögregluvalds hjá Landhelgisgæslu Íslands og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

#### I. KAFLI

#### Valdbeiting og valdbeitingartæki.

##### 1. gr.

##### *Valdbeiting og lögreglutök.*

Handhafar lögregluvalds hjá Landhelgisgæslunni, hér eftir nefndir landhelgisgæslumenn, mega nota vopn og valdbeitingartæki við skyldustörf og æfingar í samræmi við reglur þessar. Reglurnar gilda einnig um nemendur á 4. stigi í varðskipadeild Fjöltækniskólans eftir því sem við á, á meðan á kennslu í valdbeitingu og vopnaburði stendur.

Landhelgisgæslumenn skulu ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni.

##### 2. gr.

##### *Þjálfun landhelgisgæslumanna.*

Landhelgisgæslumenn skulu hljóta grunnþjálfun í notkun lögreglutaka og sjálfsvörn samkvæmt ákvörðun sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan sér handhöfum lögregluvalds hjá stofnuninni auk þess fyrir þjálfun í vopnaburði, sérhæfðum lögreglutökum og sjálfsvörn um borð í skipum auk sérstakrar þjálfunar í notkun fallbyssu.

##### 3. gr.

##### *Skilgreining og notkun fjötra.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar ákveður notkun fjötra til að hefta hreyfingar manna og hvernig gerðar þeir skuli vera. Fjötrar eru eftirfarandi búnaður:

*Handjárn:* Fjötrar úr málmum sem ætlaðir eru til að hefta handahreyfingar.

*Bensli:* Plastbönd til að hefta hreyfingar manna á höndum og/eða fótum.

*Fótajárn:* Fjötrar úr málmum sem ætlaðir eru til að hefta fótahreyfingar manna.

Þegar fjötrar eru notaðir skal þess getið í skýrslu skipherra eða annars yfirmanns lögregluadgerða um málið og ástæður þess.

## 4. gr.

*Handjárn.*

Handjárn skal nota á handtekinn mann eða fanga sé ástæða til að ætla að hann muni reyna flótta, beita ofbeldi eða valda sjálfum sér eða öðrum tjóni.

Handjárn skal nota ef hinn handtekni eða fanginn er æstur eða órólegur eða ætla má að öryggi hans eða annarra verði ekki tryggt með öðrum hætti.

Handjárn skal nota ef fullnægjandi líkamsleit hefur ekki farið fram og ætla má að hinn handtekni kunni að hafa í fórum sínum muni sem hafa sönnunargildi í málinu eða muni sem leggja skal hald á.

Að jafnaði skal handjárna handtekinn mann með hendur fyrir aftan bak þannig að lófarnir snúi út. Ekki skal handjárna mann við annan mann og ekki skal handjárna mann við fastan hlut nema sérstakar aðstæður krefjist þess.

Við flutning eða fylgd handjárnaðs manns skulu að jafnaði vera tveir landhelgisgæslumenn. Handjárnaður maður skal ekki vera eftirlitslaus.

Við flutning handjárnaðs manns milli skipa eða báta skal hann hafður í viðurkenndu björgunarvesti sem blæs sjálfkrafa upp ef hann lendir í sjó. Þess skal gætt að auðvelt og fljótlegt sé að losa af honum handjárnin ef aðstæður krefjast þess. Sama gildir þegar handjárnaður maður er fluttur í loftfari á vegum Landhelgisgæslunnar.

Við flutning handjárnaðs manns á milli skipa skal hann hafður í léttabát við hífingar frá borði og um borð.

## 5. gr.

*Bensli.*

Um heimild og notkun bensla gilda sömu reglur og um handjárn.

Aðeins skal fjöttra menn á fótum með benslum ef rík ástæða er til svo sem ef hann er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

## 6. gr.

*Fótjárn.*

Þegar brýna nauðsyn ber til er notkun fótjárna heimil um borð í varðskipum, léttabátum og loftförum Landhelgisgæslunnar eða á öðrum stað sem handhafar lögregluvalds ákveða. Ákvörðun um notkun skal tekin af stjórnanda lögregluaðgerða hverju sinni. Fangi í fótjárnnum skal vera undir stöðugu eftirliti. Fótjárn skal eingöngu nota sem öryggisráðstöfun t.d. ef fangi er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

## II. KAFLI

**Lögregluvopn.**

## 7. gr.

*Skilgreining vopna.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar ákveður notkun vopna hjá Landhelgisgæslu Íslands samkvæmt þessum reglum. Með vopnum er átt við eftirfarandi tæki:

*Kylfur:* Barefli til að yfirbuga menn eða verjast árás.

*Úðavopn:* Úðabrusar sem innihalda táragas (OC eða annað samkvæmt ákvörðun forstjóra Landhelgisgæslunnar) og ætlaðir eru til að yfirbuga einstakling í návígi.

*Gasvopn:* Gasbyssar, táragas eða reykþúnaður. Einnig gasþúnaður sem skotið er úr skotvopnum.

*Skotvopn:* Skammbýssa, haglabýssa, vélbýssa, riffill, fallbýssa.

*Sprengivopn:* Sprengiefni sem notað er sem hluti af vopnaþúnaði Landhelgisgæslunnar.

Úthlutun ofangreindra vopna með leiðbeiningum um notkun þeirra fer eftir nánari ákvörðun forstjóra Landhelgisgæslunnar. Hann gefur leiðbeiningar um nauðsynlegar áætlanir landhelgisgæslumanna varðandi viðbúnað með vopnum vegna sérstaklega alvarlegra tilvika.

## 8. gr.

*Tegundir vopna.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar ákveður nánar hverrar gerðar vopn skv. 7. gr. skuli vera, þ. á m. tegund búnaðar, hlaupvídd skotvopna o.fl.

Óheimilt er að nota annan búnað og vopn en þann sem samþykktur er af forstjóranum. Innkaup, sala, innflutningur og útflutningur er háður samþykki forstjórans. Skotfæragerð er einnig háð samþykki hans.

Forstjóri Landhelgisgæslunnar getur í sérstökum tilfellum heimilað notkun annarra vopna en talin eru upp í 7. gr., svo sem rafmagnsvopn o.fl.

## 9. gr.

*Um notkun úðavopna.*

Landhelgisgæslumönnum er eingöngu heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga mótþróa manns við handtöku. Þá er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu.

## 10. gr.

*Úthlutun úðavopna.*

Úðavopnum og kylfum skal úthlutað til Landhelgisgæslumanna vegna æfinga eða sérstakra verkefna þar sem mögulegt er að nauðsyn beri til notkunar þeirra.

Bannað er að úthluta úðavopnum til annarra en þeirra sem hlotið hafa þjálfun í notkun þeirra og þeir einir mega nota úðavopn sem hlotið hafa slíka þjálfun. Úðavopn skal ekki notað í nálægð ungra barna nema í neyð.

## 11. gr.

*Fyrsta hjálp.*

Skola skal þann með vatni sem beittur er úðavopni. Fáir maður úða beint í augun af stuttu færi skal hann færður til læknisskoðunar ef batamerki koma ekki fljótlega fram. Ef úðavopni er beitt gegn manni sem síðar er færður í fangageymslu, skal hann eiga kost á baði og ómenguðum fötum.

## 12. gr.

*Skýrslugerð.*

Gera skal skýrslu í sérhvert sinn sem úðavopni er beitt. Þar komi fram ástæða notkunarinnar, hvornig úðanum var beitt og þær ráðstafanir sem síðar voru gerðar til þess að koma í veg fyrir skaða af völdum efnisins.

## 13. gr.

*Um notkun kylfu.*

Þegar aðrar vægari aðferðir duga ekki er landhelgisgæslumönnum heimilt að nota kylfu. Einungis er heimilt að nota kylfu þegar brýna nauðsyn ber til í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til að afstýra árás á landhelgisgæslumanninn sjálfan eða þriðja mann.
- b) Til að handtaka hættulega brotamenn.
- c) Þegar einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða reynir að frelsa handtekinn mann.
- d) Þegar einhver reynir að hindra landhelgisgæslumenn við störf sín.
- e) Til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust.

## 14. gr.

*Beiting kylfu.*

Kylfu skal beita með þeirri aðgæslu að ekki hljóttist af meira hnjask eða meiðsl en þörf krefur. Landhelgisgæslumenn skulu leitast við að hæfa handleggji eða fætur. Ekki má beina höggi að höfði, hálsi, brjósti, nýrnasvæði eða hryggssúlu og forðast skal eftir megni að slá í liðamót. Ekki skal nota kylfu til að stinga.

Vinni landhelgisgæslumenn undir sameiginlegri stjórn, mega þeir einungis nota kylfu eftir beinni skipun yfirmanns nema svo sé ástatt sem greinir í a) lið 13. gr.

15. gr.

*Skýrslugerð.*

Beiti landhelgisgæslumaður kylfu skal hann strax greina yfirmönnum sínum frá því og rita skýrslu um atvikið. Þar komi fram ástæða notkunarinnar, hvernig kylfunni var beitt og ráðstafanir sem síðan voru gerðar til að koma í veg fyrir skaða af völdum kylfubeitingarinnar.

### III. KAFLI

#### **Skotvopn, önnur vopn og beiting þeirra.**

16. gr.

*Geymsla og afhending.*

Geyma skal skotvopn, sprengivopn, gasvopn og fylgibúnað í sérstakri vopna- og sprengiefnageymslu Landhelgisgæslunnar eða eftir atvikum í læstri hirslu eða aðstöðu þar sem þau eru tilbúin til notkunar. Forstjóri Landhelgisgæslunnar getur sett nánari reglur um vopnageymslur stofnunarinnar.

Heimilt skal að hafa vopn skv. 1. mgr. og fylgibúnað þeirra um borð í loftförum og skipum á vegum Landhelgisgæslunnar í ferðum þeirra. Í þeim tilvikum skal vopnunum komið fyrir með þeim hætti að tryggilegt sé, þó þannig að þau séu tilbúin til notkunar.

Forstjóri Landhelgisgæslunnar ákveður hvenær er heimilt að hafa gasvopn, gas- og reykþúnað um borð í loftförum og skipum á vegum Landhelgisgæslunnar.

17. gr.

*Hlífðarbúnaður.*

Skotvesti, skotbelti, skotskýlingarhjálma og eftir atvikum annan hlífðarbúnað skal geyma á sama stað og skotvopn ef það er mögulegt. Landhelgisgæslumenn skulu búast hlífðarbúnaði eftir því sem við á.

18. gr.

*Skráning vopna.*

Haldin skal sérstök skrá um vopnaeign Landhelgisgæslunnar. Í hana skal skrá upplýsingar um vopnin, fjölda þeirra tegund og gerð.

Fagstjóri sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á vopna- og sprengiefnageymslu Landhelgisgæslunnar. Hann skal hafa eftirlit með vörslu og skráningu vopnanna og sprengiefnisins og sjá til þess að varslan sé trygg og vopnin í góðu lagi. Yfirfara og prófa skal vopnin reglulega, a.m.k. tvisvar á ári.

Skipherrar/skipstjórar á skipum og flugstjórar í loftförum á vegum Landhelgisgæslunnar, eða starfsmenn sem þeir veita umboð, bera sömu ábyrgð á vopnum og sprengiefni um borð.

19. gr.

*Afhending vopna.*

Fagstjóri sprengjusveitar, og eftir atvikum ábyrgðarmenn vopna á skipum og í loftförum á vegum Landhelgisgæslunnar, sjá um afhendingu vopna til landhelgisgæslumanna sem skulu kvitta fyrir móttöku. Sá sem ber ábyrgð á afhendingu vopnanna skal ganga úr skugga um að landhelgisgæslumaðurinn hafi gilt skírteini fyrir vopninu.

Skotvopn Landhelgisgæslunnar skal aðeins afhenda landhelgisgæslumönnum sem hafa gilt skotvopnaskírteini.

20. gr.

*Vopnum skilað.*

Vopnum, sem afhent eru vegna einstakra verkefna, skal skilað þegar verkefninu er lokið. Viðkomandi landhelgisgæslumaður er ábyrgur fyrir því að skila vopninu og meðfylgjandi skotfærum.

Ábyrgðarmenn vopna um borð í loftförum og skipum á vegum Landhelgisgæslunnar bera ábyrgð á að skila vopnum til fagstjóra sprengjusveitar að lokinni ferð eða verkefni.

## 21. gr.

*Notkun annarra vopna.*

Landhelgisgæslumönnum er óheimilt, nema í neyðartilvikum að nota önnur vopn í starfi en þeim hefur verið úthlutað samkvæmt þessum reglum. Notkun eigin vopna, þó þau séu sömu gerðar og landhelgisgæslumönnum hefur verið úthlutað, er því óheimil.

## 22. gr.

*Notkunarleiðbeiningar.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar skal láta útbúa notkunarleiðbeiningar um vopn sem samþykkt eru til notkunar hjá stofnuninni.

Vopn skal því aðeins afhenda landhelgisgæslumanni að hann hafi fengið nægjanlega fræðslu og þjálfun í notkun þess og fengið afhentar notkunarleiðbeiningar fyrir viðkomandi vopn.

## 23. gr.

*Skotæfingar og þjálfun.*

Landhelgisgæslumenn skulu að ákvörðun forstjóra hljóta grunnþjálfun í skotvopnareglum og valdbeitingu undir umsjón sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar. Þeir sem standast það próf fá afhent skotvopnaskírteini.

## 24. gr.

*Viðhaldsþjálfun.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar skal tryggja að landhelgisgæslumenn viðhaldi þekkingu á vopnareglum þessum og fái nauðsynlega viðhaldsþjálfun í notkun vopnanna. Árlega skulu landhelgisgæslumenn undirgangast vopnaþjálfun og standast verklegt próf í notkun viðkomandi vopna a.m.k. tvisvar á ári skv. nánari fyrirmælum sem forstjórinn setur varðandi fyrirkomulag og lágmarkskröfur.

## 25. gr.

*Skotvopnaskírteini Landhelgisgæslumanna.*

Landhelgisgæslumaður sem staðist hefur árlegt hæfnispróf skal fá afhent sérstakt skotvopnaskírteini til staðfestingar á því að hann hafi heimild til að nota viðkomandi skotvopn. Í skírteininu skal tilgreina nafn, stöðu og persónuupplýsingar landhelgisgæslumannsins ásamt upplýsingum um þau skotvopn sem viðkomandi hefur heimild til að nota og gildistíma.

Útgáfa skotvopnaskírteina skv. 1. mgr. er í höndum forstjóra Landhelgisgæslunnar og skal haldin sérstök skrá yfir útgefin skírteini.

## 26. gr.

*Landhelgisgæslumenn vopnaðir gasvopnum.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar setur skrifleg fyrirmæli um hvenær landhelgisgæslumenn skuli vopnast með gasvopnum. Óheimilt er að vopnast gasvopnum í einstökum tilfellum nema skv. ákvörðun forstjórans hverju sinni. Einungis má vopna þá Landhelgisgæslumenn með gasvopnum sem fengið hafa tilskilda þjálfun.

## 27. gr.

*Landhelgisgæslumenn vopnaðir skotvopnum.*

Forstjóri Landhelgisgæslunnar getur gefið fyrirmæli um að landhelgisgæslumenn skuli vopnast skotvopnum þegar:

- a) Talið er að fyrirliggjandi verkefni krefjist þess eða aðstæður eru slíkar að vopnaburður teljist nauðsynlegur, svo sem ef ætla má að landhelgisgæslumaður þurfi að eiga við mann sem ástæða er til að ætla að sé vopnaður og líklegur til að nota skotvopn eða önnur banvæn vopn.

- b) Ríkislögreglustjórinn hefur leitað eftir því við forstjóra Landhelgisgæslunnar að landhelgisgæslumenn verði vopnaðir til að leysa tilgreind verkefni eða við sérstakar aðstæður, svo sem öryggisgæslu eða verkefni sérstakra sveita lögreglu.

Regla 1. mgr. þessarar greinar kemur ekki í veg að ábyrgðarmenn vopna um borð í skipi og loftfari á vegum Landhelgisgæslunnar, með samþykki skipherra/skipstjóra eða flugstjóra sbr. 18. gr., geti gefið fyrirmæli um að landhelgisgæslumenn vopnist í neyðartilvikum.

Þegar verkefni krefjast vopnunar skal vopna a.m.k. tvo landhelgisgæslumenn hverju sinni en landhelgisgæslumenn skulu ekki starfa einir að vopnuðum aðgerðum nema í neyðartilvikum.

Með landhelgisgæslumönnum í 1. mgr. er einungis átt við þá landhelgisgæslumenn sem hafa hlotið tilskilda þjálfun.

28. gr.

*Vopnaburður.*

Við lögregluaðgerðir skulu landhelgisgæslumenn, sem vopnaðir eru skotvopnum, vera einkennisklæddir og bera vopn sýnileg utan klæða þegar aðstæður leyfa, nema verkefnið sé þess eðlis að annað sé nauðsynlegt við úrlausn þess.

29. gr.

*Gasvopn.*

Gasvopnum má einungis beita í sérstökum hættutilvikum eða ef lögregluaðgerð verður ekki framkvæmd á annan hátt án þess að landhelgisgæslumenn séu settir í óþarfa hættu.

30. gr.

*Óspektir og óeirðir.*

Heimild forstjóra Landhelgisgæslunnar þarf til að nota gasvopn við óspektir og óeirðir. Vopnaábyrgðarmenn Landhelgisgæslunnar, sbr. 18. gr. þessara reglna, geta þó tekið ákvörðun um notkun ef ekki er mögulegt að leita heimildar forstjóra og aðstæður slíkar að notkun sé mjög brýn.

31. gr.

*Skotvopn og beiting vopna.*

Skotvopni má því aðeins beita gegn manni þegar önnur úrræði eru ekki tiltæk og brýna nauðsyn ber til í því skyni að:

- Landhelgisgæslumaður verjist hættulegri árás.
- Yfirbuga og handtaka afbrotamenn sem teljast hættulegir lífi fólks eða öryggi ríkisins.
- Koma í veg fyrir alvarlegt ofbeldi gegn fólki eða að verulegu tjóni sé valdið á þjóðfélagslega mikilvægum hagsmunum eða stofnunum, rekstri þeirra eða starfsemi.

Fallbyssum eða sambærilegum vopnum má því aðeins beita gegn skipi að skipstjóri sýni engan vilja til að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslunnar og allar aðrar tilraunir til að stöðva skip eða hindra lögbrot hafa ekki borið árangur. Fallbyssur og sambærileg vopn má einnig nota í sjálfsvörn þegar nauðsyn krefur. Forstjóri Landhelgisgæslunnar skal setja nánari reglur um notkun fallbyssu og sambærilegra vopna hjá Landhelgisgæslunni.

32. gr.

*Aðvörðun.*

Telji landhelgisgæslumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann gefa þeim aðvörðun sem ógnunin stafar frá og tilkynna að vopni verði beitt til að framfylgja aðgerðunum. Hann skal einnig tilkynna að hann komi fram sem handhafi lögregluvalds.

## 33. gr.

*Aðvörunarskot.*

Landhelgisgæslumenn skulu ekki skjóta aðvörunarskotum með handvopnum. Slíkt er þó heimilt í undantekningartilvikum ef landhelgisgæslumaður álitur að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra.

Aðvörunarskoti má ekki hleypa af nema til staðar séu skilyrði til að beita skotvopni skv. 31. gr.

Ekki má skjóta aðvörunarskotum úr fallbyssu nema skilyrði 2. mgr. 31. gr. séu uppfyllt og slíkum skotum má ekki skjóta ef það stefnir mannlífi í hættu. Eingöngu skal nota æfingaskot þegar skjóta þarf aðvörunarskotum.

## 34. gr.

*Skotvopni beitt gegn manni.*

Í ýrtruðu neyð skal landhelgisgæslumaður miða á stærsta hluta þess líkamshluta sem honum er sýnilegur. Telji landhelgisgæslumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann reyna að takmarka það tjón sem af notkun skotvopnsins hlýst svo sem með því að skjóta í fætur viðkomandi.

Hafi skotvopni verið beitt skal ávallt veita alla hugsanlega aðstoð eftir á.

## 35. gr.

*Bifreiðar, bátar, loftför.*

Til að stöðva bifreið, bát eða loftfar, má aðeins nota skotvopn ef um sérstaklega hættulega menn er að ræða og brýn þörf er að stöðva þá strax. Skotvopn skal við þessar aðstæður aðeins nota til að hefta för farartækisins enda séu ekki til staðar skilyrði 31. gr.

Stöðvun skipa með fallbyssuskotum skal fara fram í samræmi við sérstakar reglur þar um.

## 36. gr.

*Sprengivopn.*

Sprengivopn má aðeins nota þegar skilyrði 31. gr. um beitingu skotvopna eru til staðar og auk þess telst nauðsynlegt að brjóta sér leið inn í aflokað eða læst rými. Í vissum tilfellum er þó heimilt að nota sprengivopn til þess að trufla eða rugla athygli þess sem handtaka skal eða til að ryðja úr vegi erfiðum hindrunum við úrlausn fyrirleggjandi verkefnis.

Eingöngu þeir landhelgisgæslumenn, sem fengið hafa til þess sérstaka þjálfun og sem forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur samþykkt, mega nota sprengivopn.

## 37. gr.

*Landhelgisgæslumenn undir stjórn yfirmanns.*

Landhelgisgæslumenn, sem starfa saman í hóp, skulu vera undir beinni stjórn yfirmanns sem gefur skipanir um notkun vopna. Notkun vopna er einungis heimil eftir skipun yfirmannsins, nema í neyðarvörn.

Ef um er að ræða landhelgisgæslumenn, sérhæfða í riffilskotfimi, skal gefa þeim fyrirmæli fyrirfram um hvort beiting vopnsins sé heimil. Sé hópurinn um borð í loftfari eða skipi, er bein skipun um beitingu vopnsins háð samþykki skipherra/skipstjóra skips eða flugstjóra loftfars á vegum Landhelgisgæslunnar.

## 38. gr.

*Skýrslugerð.*

Nú hefur landhelgisgæslumaður notað eða hótáð að nota vopn skv. III. kafla í starfi sínu, og skal hann þá þegar í stað gefa næsta yfirmanni sínum munnlega og síðar skriflega skýrslu með ítarlegum skýringum á ástæðum þess. Forstjóra Landhelgisgæslunnar skal strax tilkynnt um málavexti og skal hann tryggja að gripið sé til nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. að landhelgisgæslumanninum verði veitt nauðsynleg sálfræðiaðstoð ef vopni hefur verið beitt.

39. gr.

*Skráning.*

Öll tilvik, þar sem landhelgisgæslumenn vopnast með gas-, skot- og sprengivopnum skulu skráð á sérstök eyðublöð sem forstjóri Landhelgisgæslunnar útbýr. Fram komi nauðsynlegar upplýsingar varðandi málavexti svo sem ástæða þess að Landhelgisgæslumenn vopnuðust, stutt lýsing á atburðum og hvort skotum hafi verið hleypt af.

40. gr.

*Leyfishafaskrá.*

Landhelgisgæslan skal halda skrá um þá landhelgisgæslumenn sem hafa réttindi til að nota lögregluvopn. Fram komi hverjir hafi hlotið réttindi og fyrir hvaða tegund lögregluvopna auk gildistíma réttinda.

41. gr.

*Árlegt yfirlit.*

Árlega skal forstjóri Landhelgisgæslunnar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu yfirlit yfir fjölda tilvika þar sem landhelgisgæslumenn hafa vopnast og fjölda þeirra landhelgisgæslumanna sem hafa gild réttindi.

## IV. KAFLI

**Trúnaðarskylda, lagastoð og gildistaka.**

42. gr.

*Trúnaðarskylda.*

Landhelgisgæslumenn og nemendur í varðskipadeild á 4. stigi skipstjórnarnáms í Fjöltækni-skólanum, skulu bundnir trúnaði um efni reglna þessara og helst þagnarskylda eftir að starfi eða námi lýkur.

43. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 8. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. júlí 2007.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Anna Sigríður Arnardóttir.*